

Sp.

997. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár.

(Afgreidd frá Sp. 30. jan.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 4½ millj. kr. viðbótarlán til virkjunar Andakílsár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði við verkið, þar með talin innanbæjarkerfin, enda sé virkjunin háð þeim ákvæðum, sem síðar kunna að verða sett um eignarhald og rekstur á raforkuveitum í landinu. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.